

## Fundur verkefnishóps um formlegar sameiningarviðræður Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Verkefnishópurinn kom saman til fundar þann 23. september 2024 á Teams.

Fundinn sátu:

- Lilja B. Ágústsdóttir
- Guðveig Eyglóardóttir, frá Borgarbyggð
- Ragnhildur Eva Jónsdóttir, frá Borgarbyggð
- Jón Einarsson, frá Skorradalshreppi
- Kristín Jónsdóttir, frá Skorradalshreppi
- Jón Hrói Finnsson, frá KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir, frá KPMG. Lilja Ósk ritaði fundargerð.

Jón Hrói setti fundinn kl. 10:05.

### 1. Tímasetning á íbúakosningu

KPMG kynnir ferli formlegra viðræðna.

Samþykkt að tímasetning íbúakosningar vegna formlegra sameiningarviðræðna verði í upphafi september 2025.

### 2. Kynning á verkefninu

Upplýsingar um verkefnið verði safnað saman á sérstakri upplýsingasiðu þar sem fréttir og fundargerðir verði birtar. Tillaga að notast við lénið: borgfirdingar.is. Sameiginlegt netfang verði stofnað fyrir hópinn þar sem tækifæri gefst til þess að senda inn fyrirspurnir.

Samráðsfundir og vinnustofur með kjörnum fulltrúum beggja sveitarfélaga verði skipulagðir í janúar 2025. Íbúafundir og samráð við íbúa verði skipulagt seinna í ferlinu þegar frekari upplýsinga hefur verið aflað í stöðugreiningu.

### 3. Starfshópar

Lögð fram tillaga ráðgjafa að skipun starfshópa til að vinna að greiningu á núverandi stöðu og framtíðarsýn. Rætt um að fækka hópum og miða við að þeir verði þrír. Ráðgjafar koma með tillögu að skiptingu

### 4. Umræður um næstu skref

Umræða um stöðugreiningu sem að gerð var vegna óformlegra viðræðna og mögulegar viðbætur við stöðugreiningu. Umræður um næstu skref.

Fundi slitið kl. 10:52

Næsti fundartími verður ákveðinn í samráði við verkefnishópinn.